2024

Bústólpi

FREYVANGS LEIKHÚSIÐ

KYNNIR

GAUKS HREIÐRIÐ



LEIKGERÐ DALE WASSERMAN
EFTIR METSÖLUBÓK KEN KESEY
„ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST“
Íslensk þýðing: Karl Ágúst Úlfsson

FORMANNSPISTILL



Jóhanna S. Ingólfsdóttir

Kæru leikhúsgestir, velkomin í Freyvangsleikhúsið.
Það er búið að vera frábært ferli að koma Gaukshreiðrinu á svið.

Stjórnin ákvað síðasta vor að fá Gunnar Björn leikstjóra til liðs við okkur og upphófst þá hugmyndavinna um hvað ætti að setja á svið. Það voru ýmsar hugmyndir á lofti og niðurstaðan varð Gaukshreiðrið í þýðingu Karls Ágústs Úlfssonar. Þegar samlesturinn var haldinn í byrjun desember kom greinilega í ljós mikill áhugi fyrir því verki því það mættu u.þ.b. 40 manns sem höfðu áhuga á að taka þátt. Æfingar hófust svo strax 2.janúar með stórkostlegu fólki.


Til að setja upp stórt verk eins og Gaukshreiðrið þarf ekki bara úrvalshóp af leikurum á sviði heldur líka stóran hóp utan sviðs og erum við svo einstaklega heppin með hvað allir voru tilbúnir til að vinna saman að því að gera stórkostlega sýningu.

Gaukshreiðrið er skuggaleg ádeila á kerfið, um líf fólks á stofnunum fyrir geðsjúka um miðja síðustu öld. Þar sem meðferð sjúklinga var ekki sú sem við sjáum í dag. Við fáum að fylgjast með hinum ýmsu uppákomum og ádeilum í gleði, sorg og öllum tilfinningaskalanum þar á milli.

Það er með miklu þakklæti til allra sem koma að þessu leikverki sem og til þín áhorfandi góður, fyrir að koma og fylgjast með, sem ég óska þér góðrar skemmtunar.

Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir
Formaður Freyvangsleikhússins





STJÓRN FREYVANGSLEIKHÚSSINS 2023-24
Formaður: Jóhanna S. Ingólfsdóttir
Varaformaður: Aðalbjörg Þórólfsdóttir
Gjaldkeri: Björn Hreinsson
Ritari: Vilhjálmur Árnason
Meðstjórnandi: Eyþór Daði Eyþórsson
Varastjórn:
Gunnar Möller
Rakel Hinriksdóttir
Jón Friðrik Benónýsson
Sveindís María Sveinsdóttir

FÓLKIÐ BAKVIÐ SÝNINGUNA


Aðalbjörg Þórólfsdóttir


Baddi Ingimarsson


Freysteinn Sverrisson



Hallur Örn Guðjónsson


Vilhjálmur Árnason


Þorkell Björn Ingvason


Aðalheiður Anna Atladóttir


Alexandra Guðný Berglind Haraldsdóttir


Helgi Þórsson


Hjálmar Arinbjarnarson


Ingólfur Þórsson


Katrín Ósk Steingrímsdóttir


Anna María Hjálmarsóttir


Björgvin Kolbeinsson


Eiríkur Frímann Arnarson


Elín Gunnarsdóttir


Kristbjörn Steinarsson


Lúðvík Áskelsson


María Lovísa Vilborgardóttir Jónsdóttir


Sindri Swan


Eyþór Daði Eyþórsson


Franz Halldór Eydal


Guðrún Elva Lárusdóttir



Gunnar Björn Guðmundsson


Stefán Guðlaugsson


Svanhvít Pétursdóttir


Svavar Máni


Sveinn Brimar Jónsson


Gunnar Möller


Hilmar Friðjónsson


Jóhanna S. Ingólfsdóttir


Jón Friðrik Benónýsson

FRAMHALD -->

FÓLKIÐ BAKVIÐ SÝNINGUNA


Jónas Gunnarsson


Oddur Atli Reykjalín Guðmundsson


Rakel Hinriksdóttir


Sigþór Veigar Magnússon


Sveindís María Sveinsdóttir


Þorsteinn Gíslason


Þráinn Sigvaldason


Björn Hreinsson







LEIKARAR OG AÐRIR SEM KOMA AÐ SÝNINGUNNI

RatchedW hjúkrunarkona...	Aðalbjörg Þórólfsdóttir
Bromden höfðingi.....	Ingólfur Þórsson
Randle P. McMurphy.....	Freysteinn Sverrisson
Billy Bibbit.....	Svavar Máni
Dale Harding.....	Sindri Swan
Scanlon.....	Stefán Guðlaugsson
Charles Cheswick.....	Hallur Örn Guðjónsson
Martini.....	Helgi Þórsson
Ruckly.....	Hjálmar Arinbjarnarson
Pete Bancini.....	Vilhjálmur Árnason
Spivey Læknir.....	Kristbjörn Steinarsson
Mr. Turkle.....	Lúðvík Áskelsson
Candy Starr.....	Katrín Ósk Steingrímsdóttir
Sandy Gilfillian.....	Svanhvít Pétursdóttir
Flinn hjúkrunarkona.....	María Lovísa Vilborgardóttir Jónsdóttir
Washington sjúkraliði...	Þorkell Björn Ingvason
Williams sjúkraliði.....	Baddi Ingimarsson
Warren sjúkraliði.....	Sveinn Brimar Jónsson



Leikstjóri.....	Gunnar Björn Guðmundsson
Leikmynd.....	Þorsteinn Gíslason
Aðstoð við leikmynd.....	Jóhanna S. Ingólfsdóttir
	Anna María Hjálmarsóttir
	Björgvin Kolbeinsson
	Ásta Sóley Hauksdóttir
Leikmunir.....	Guðrún Elva Lárusdóttir
Aðstoð við leikmuni.....	Baddi Ingimarsson
	Anna María Hjálmarsdóttir
	Jóhanna S. Ingólfsdóttir
	Hafþór Önundarson
Búningar.....	Jóhanna S. Ingólfsdóttir
Aðstoð við búninga.....	Guðný Kristinsdóttir
Förðun.....	Elín Gunnarsdóttir
Hár.....	Aðalheiður Anna Atladóttir
Ljós.....	Eiríkur Frímann Arnarson
Hljóð.....	Franz Halldór Eydal
Tækni.....	Sigþór Veigar Magnússon
Tækniaðstoð.....	Baddi Ingimarsson
	Björgvin Kolbeinsson
Tækni keyrsla.....	Eyþór Daði Eyþórsson
	Oddur Atli Reykjalín Guðmundsson
Upptaka.....	Björgvin Kolbeinsson
Leikskrá og teiknun.....	Rakel Hinriksdóttir
	Alexandra Guðný Berglind Haraldsdóttir
Ljósmyndun.....	Hilmar Friðjónsson
Prentun leikskrár.....	Hermann Arason
Sýningastjórar.....	Eyþór Daði Eyþórsson
	Baddi Ingimarsson
	Kristbjörn Steinarsson
Miðaafrífari.....	Jónas Gunnarsson
Framkvæmdastjóri sýningar...	Þráinn Sigvaldason

Sérstakar þakkir:

Hertex
Fjölsmiðjan
Elín Svana Lárusdóttir
Hrafnhildur Fríða Gunnarsdóttir
Menningarfélag Akureyrar
SAK
Ísfell
Veiðafæradeild Samherja
Rafeyri
Þór Aðalsteinsson

Barnakór/Sönghópur:

Ásdís Bjargey Bjarkadóttir
Birgitta Björk Birgisdóttir
Bríet Helga Reynisdóttir
Elvý Rós Baldursdóttir
Emma Marie Freysdóttir
Hrefna Hrund Halldórsdóttir
Ronja Rán Snæbjörnsdóttir
Viktoría Lind Einarsdóttir
Þórunn Halla Hermannsdóttir
Stjórnandi: Rannvá Olsen
Guðlaugur Viktorsson

Góða skemmtun
í leikhúsinu!

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA







Fatnaður og undirfatnaður
fyrir flottar konur

Rósin
tískuverslun

Sunnuhlíð 12
S: 4149393

KÆRI LEIKHÚSGESTUR,

Það er með miklu stolti sem ég býð þig velkomin/n í Freyvangsleikhúsið að sjá leikritið Gaukshreiðrið eftir Dale Wasserman. Verkið er byggt á sögu Ken Kesey í þýðingu Karls Ágústs Úlfssonar. Verkið gerist á geðsjúkrahúsi í Oregon á sjöunda áratugnum. Ég vil þakka þér fyrir að mæta á sýninguna því án áhorfenda væri þetta tilgangslaust.



Það var snemma á síðasta ári sem ákveðið var að ráðast í þetta stóra og stórskemmtilega verk. Stefnan var strax sett á að gera eftirminnilega sýningu, stóra og dramatíska. Þó sagan sé drungaleg þá verður að vera gaman í leikhúsinu. Við unnum með það að reyna að gera sýninguna skemmtilega þó efnið væri grimmt.

Hér hafa allir lagt mikið á sig til þess að gera sýninguna eins og hún er í kvöld. Allar deildir hafa unnið myrkranna á milli við að skapa þennan heim. Leikarar hafa kafað djúpt í persónurnar og hefur það verið hrein unun að sjá verkið lifna við á sviðinu. Persónurnar hafa þroskast og hefur verið einstaklega skemmtilegt að hitta þær hér daglega hér í leikhúsinu.

Ferlið hefur verið stíft en afar ánægjulegt, mikil gleði, hlýja og kærleikur hefur ríkt í leikhópnum. Leikgleðin verið í aðalhlutverki og vona ég innilega það skili sér til ykkar í salnum.

Það hefur verið einstakt hvað allir hafa verið boðnir og búnir að framkvæma allar þær hugmyndir sem upp hafa komið í þessu mjög svo krefjandi ferli. Allaf hefur svarið verið já, við þurfum bara að finna út hvernig við gerum þetta. Eftir smá stund er búið að framkvæma allar þær hugmyndir sem okkur hefur dottið í hug. Þetta hefur verið ferli tilrauna, sumar heppnuðust aðrar ekki.

Það eru forréttindi að fá að vinna með svona metnaðarfullum leikfélagi eins og Freyvangs-leikhúsið er. Félagið er skipað afar þéttum hópi sem vinnur náið og vel saman. Það er valin maður í hverju rúmi. Það eru fjölmargir sem koma að svona sýningu og vil ég þakka öllum þeim sem hafa lagt mikið á sig til þess að gera sýninguna að því sem hún er í dag.

Ég vil þakka sérstaklega stjórn leikfélagsins og Jóhönnu formanni fyrir einstaklega gott og ánægjulegt samstarf. Það hefur verið stjanað við mig frá fyrsta degi. Ég er afar þakklátur fyrir alla samvinnuna og fyrir að treysta mér fyrir leikstjórninni á þessu stóra og metnaðarfulla verki.

Leikarahópurinn er stór og ólíkur, en samvinnan og samheldnin hefur verið einstök. Ég vil þakka þeim öllum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar stundir. Takk fyrir samveruna, umræðurnar og alla gleðina.

Kæri áhorfandi þér vil ég þakka fyrir að koma í Freyvangsleikhúsið og styðja svona metnaðarfullt leikfélag. Því með þínum stuðningi er hægt að setja svona sýningar á svið. Því er það mín von að þú skemmtir þér sem allra best, því til þess er leikurinn gerður.

Takk fyrir mig, takk fyrir að vera hér í kvöld og góða skemmtun.

Gunnar Björn Guðmundsson
Leikstjóri









UM VERKIÐ

Leikverkið 'Gaukshreiðrið' segir sögu indíanahöfðingjans Bromden sem hefur verið lengi á geðsjúkrahúsi í Bandaríkjunum. Bromden segir frá komu R.P. McMurphy á deildina og hvaða áhrif hann hafði á sjúklinga og starfsfólk hælisins. McMurphy hafði séð sér leik á borði og leikið sig geðveikan til þess að losna við fangelsisvist. Hann lendir þar í útistöðum við frú Ratchet forstöðukonu hælisins sem stjórnar hælinu vægast sagt með harðri hendi.

Verkið lýsir á beinskeittan hátt aðstæðum og þann uppreisnaranda sem ríkti í Bandaríkjunum og víðar á 7. áratug síðustu aldar sem og þeirra meðferð sem geðsjúkir bjuggu við og hvernig litið var á geðsjúkdóma á þessum tímum.

Gaukshreiðrið er hrollvekjandi ádeila á kerfið og þeim meðferðum sem beitt var en lýsir á sama tíma einstöku sambandi sjúklinganna og hvernig þeir glíma við harðræði og niðurlægingu yfirvaldsins. Leikverkið inniheldur í senn sorg, gleði, hrylling og illsku svo verið tilbúin í að taka á öllum ykkar tilfinningaskala.

Ken Elton Kesey fæddist í Colarado í Bandaríkjunum 17. september 1935 en ólst upp í Springfield, Oregon. Hann stundaði nám í háskólanum í Oregon og útskrifaðist þaðan 1957. Hann skrifaði Gaukshreiðrið á árunum 1960-1962 á meðan hann var í námi í Stanford háskólanum en samhliða því vann hann fyrir CIA sem tilraundýr sem fól í sér rannsókn á ofskynjunum í kjölfar lyfja s.s. LSD, kókaíns og fleira. Einnig starfaði hann á þessum tíma sem næturvörður á geðveikraspítala sem vafalaust var honum mikill innblástur við ritstörfin á bókinni Gaukshreiðrið. Bókin fékk síðan gríðarlega góðar viðtökur og skrifaði Dale Wasserman leikgerð upp úr bókinni ári seinna sem Karl Ágúst Úlfsson hefur þýtt svo skemmtilega fyrir okkur. Árið 1975 kom svo út kvikmyndin Gaukshreiðrið í leiksstjórn Milos Forman þar sem Jack Nicholson fór á kostum. Ken Elton Kesey lést úr lifrarkrabbameini árið 2001.

Þráinn Sigvaldason tók saman

Góða og gleðilega leikhúsferð!

BRAUÐGERÐARHÚS AKUREYRAR

LÍFLAND









AKUREYRI HOSTEL
AKUREYRI COTTAGES











BLAÐSKURÐUR / LÓBÓTÓMÍA


**Það er 27. desember 1935.
Portúgalski taugalæknirinn Egan Moniz er með sjúkling á skurðarborðinu hjá sér. Það er 47 ára kona sem þjáðst hefur af þunglyndi og kvíða. Moniz er búinn að svæfa hana og tilbúinn í að gera aðgerð sem hefur blundað í huga hans um einhvern tíma. Tilraun um að lækna þessa konu með byltingarkenndri aðgerð sem aldrei hafði verið gerð**

Moniz þjáðist af svo mikilli gigt í höndunum að hann lét aðstoðarlækninn sinn, Almeida Lima, gera aðgerðina. Eftir að konan hafði verið svæfð var borað gat ofan í höfuðkúpuna og sprautað alkóhóli inn í ennisblöðin til að rjúfa tengslin á milli þeirra og annarra hluta heilans. Engin eftirköst urðu eftir aðgerðina en árangurinn varð ekki alveg eins og Moniz hafði vonað. Að vísu losnaði konan við kvíðann en hún var þó áfram þunglynd en auk þess orðin sljó og sinnulaus.

En Moniz hélt þó tilraunum sínum áfram og bætti aðeins verkfærið sem hann notaði en það var 11cm langt mjótt rör sem hægt var að skjóta stálþræði í gegn um með einum snöggum smelli. Hann gerði tilraunir á 20 sjúklingum og samkvæmt honum fengu 7 af þeim fullan bata, 7 löguðust umtalsvert og að aðgerðin hefði heppnast 70% og þóttu þetta mikil tíðindi í heimi vísindanna. Árið 1949 vann hann svo Nóbelsverðlaunin fyrir þessa tilraunir sínar sem þó voru gagnrýndar margra hluta vegna en meðal aukaverkana var: þvagmissir, uppköst, sjóntruflanir, skert hreyfigeta, sljóleiki, stelsýki, óeðlileg hungurtilfinning og erfiðleikar með að átta sig á tíma og rúmi.

Þeir Walter Freeman og James Watts gerðu, í september 1936 fyrstu lobotomy aðgerðina í Banda-ríkjunum og héldu áfram að þróa aðferðina. Þeir hættu að bora gat á kúpuna og gerðu í staðin göt sitthvoru megin við gagnaugað og fóru inn með oddhvasst áhald og skáru hálfhring í ennisblöðin.





Kosturinn við þessa aðferð var að síður var hætta á að skera í sundur æðar en aftur á móti var þessi aðferð blind þannig að erfitt var að vita hversu langt þurfti að fara með áhaldið. Seinna einfaldaði Freeman svo aðgerðina þannig að hægt var að framkvæma hana utan skurðstofu. Þá var oddkvössu áhaldi komið inn undir augntóftina og slegið létt á endann 2cm inn í endisblöðin til að skilja á milli þeirra. Fyrsta augtófta aðgerðin var gerð 1946 og árið 1949 var slegið met í slíkum aðgerðum þegar 5074 lóbótómíur voru gerðar í Bandaríkjunum.

Á árunum 1936-1956 voru gerðar um 30.000 aðgerðir í Bandaríkjunum en á svipuðum tíma um 12.000 aðgerðir í Bretlandi og samanlagt í heiminum öllum um 80.000 aðgerðir. Ísland var í raun enginn eftirbátur annarra í þessu samhengi en á árunum 1948-1953 voru gerðar 42 aðgerðir hérlendis sem gæti miðað við höfðatölu hafa sett Ísland á topp 10 lístann í heiminum yfir fjölda aðgerða miðað við höfðatölu og jafnvel alveg í 1. sætið.
Helgi Tómasson læknir segir eftir-farandi um lóbótómíur á Íslandi í Heilbrigðistíðindum árið 1951: “… við höfum nú á seinustu 4 árum fengið á spítalann 8 sjúklinga, sem aðgerð þessi hefur verið gerð á. Eru þeir allir óbætanlegir og slík hryggðarmynd andlegs tómleika, að mjög forhertan mann þyrfti til þess að tefla sínum nánustu eða skjólstæðingi sínum í þá tvísýnu að geta orðið þannig fyrir aðgerð, sem aldrei getur talizt lífsnauðsynleg.”

Árið 1967 gerði Walter Freeman sína síðustu aðgerð en hana gerði hann á fastasjúklingi sínum Helen Morrison en þetta var 3ja aðgerðin sem hann gerði á henni. Hún lést í kjölfar aðgerðarinnar og var Freeman eftir það meinað að gera fleiri lóbotómíur. Hann settist í helgan stein ári seinna.

Þráinn Sigvaldason tók saman

Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is